



sveitabæ, en Örlygur er einmitt alinn upp á einum slíkum norður í Aðaldal, í sömu sveit og hann Þórarinn Már sem teiknar myndirnar af Maxa.

Erlenda þjóðlagasyrpan er samsett af þjóðlögum frá mörgum heimsálfum sem hafa náð hylli um allan heim. Talnavísan **Uno, dos y tres** er barnlag á spænsku frá Mexíkó í Norður-Ameríku en saknaðarljóðið **Oh, Shenandoah** er á ensku og er frá Bandaríkjum Norður-Ameríku. **Hava nagila** er gleðisöngur á hebresku frá Ísrael og **Sakura** segir á japönsku frá blómstrandi kirsuberjatrjám í Japan. **Símama ka** er dillandi hreyfivísa frá Afríku og er sungin á tungumáli sem heitir svahílí. **Þóra Marteinsdóttir**, tónskáld, útsetti syrpana og hún veit alveg hvernig er best að láta barnakór hljóma því að hún er kórstjóri og söng í Skólakór Kársness alla sína barnæsku.

Ungverska þjóðlagið **Hej, Igazitsad!** í útsetningu **Lajos Bárdos** fjallar um fólk sem dansar á héraðshátíð. Ungir sem aldnir dansa saman alla nóttina. Lajos Bárdos var mikill hvatamaður þess að allir ættu að fá að syngja í kór og vann ötullega að því, bæði með útgáfu kórverka og kennslu við tónlistarháskólann í Búdapest.

Þrjú íslensk þjóðlög voru útsett að beiðni Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir söguna **Maxímús Músíkús kætist í kór**. **Tryggvi M. Baldvinsson** færði lögin í kór- og hljómsveitabúning. Hann er tónskáld og hefur samið mörg tónverk fyrir bæði börn og fullorðna auk þess að leika á píanó en þegar hann var krakki spilaði hann á túbu í lúðrasveit. Þjóðlöggin lýsa náttúru landsins um vetur, vor og sumar. **Krummi svaf í klettagjá** með texta Jóns Thoroddsens fjallar um hrafn sem leitar sér ætis í snjónum og kannski er það sami hrafninn sem kemur fyrir í vorkvæðinu um lóuna, **Heylóarvísu**, eftir Jónas Hallgrímsson. Lokalagið er svo síðsumarsvísan um gleðina í berjamó, **Litlu börnin leika sér**.

Bona nox er keðjulag eftir **Wolfgang Amadeus Mozart**. Mozart var undrabarn sem ferðaðist um alla Evrópu, lék á píanó og samdi tónlist. Hann var einungis átta ára gamall þegar hann samdi fyrstu heilu sinfóníuna sína og þótt hann hafi látist mjög ungur, aðeins 36 ára gamall, tókst honum að semja riflega sex hundruð tónverk. Í **Bona nox** er boðið „góða nótt“ á latínu (**Bona nox**), ítölsku (**Bona notte**), frönsku (**Bonne nuit**), ensku (**Good night**) og þýsku (**Gute Nacht**).

Þýska tónskáldið **Engelbert Humperdinck** samdi tónlist við ævintýraóperuna um Hans og Grétu að beiðni systur sinnar, **Adelheid Wette**, sem var þá búin að semja lagatexta um ævintýrið fyrir börnin sín. **Hans og Gréta** syngja **Kvöldbæn** eða **Abendsegen** til þess að geta lagst óhrædd til svefnis í dimma skóginum.

Franska tónskáldið og orgelleikarinn **Gabriel Fauré** var aðeins níttján ára gamall þegar hann samdi **Cantique de Jean Racine** við texta ljóðskáldsins Racine. Textinn fjallar um vonina sem er fólgin í boðskapnum um mannkærleika og samúð gagnvart náunganum og er til í íslenskri þýðingu Böðvars Guðmundssonar, „Heill þér himneska orð, sem von um daga vekur“. **Hildigunnur Rúnarsdóttir** umritaði verkið fyrir barnakór og hljómsveit. Hún er tónskáld, söngvari og tónlistarkennari, hefur útsett tónlist frá því að hún var tólf ára og sungið í kór frá því að hún man eftir sér.

Þetta líf er líf sem ég á samdi sænski tónsmiðurinn **Stefan Nilsson** fyrir kvikmynd Kay Pollacks „Så som i himmelen“. Lagið nefnist „Gabriellas säng“ á sænsku og textinn er eftir **Py Bäckman** en **Þórarinn Eldjárn** þýddi hann á íslensku. **Hildigunnur Rúnarsdóttir** útsetti lagið fyrir einsöngvara, barnakór og sinfóníuhljómsveit. Textinn fjallar um mikilvægi þess að þora að vera eins og mann langar til og láta ekki aðra koma í veg fyrir að maður fylgi draumum sínum.



Litli tónsprotinn 2014-2015

Ástarsaga úr fjöllumum

Lau. 4. okt.

Guðni Franzson hljómsveitarstjóri

Egill Ólafsson sögumaður

Í Ástarsögu úr fjöllumum er skyggst inn í heim íslenskra trölla á hugljúfan og hnyttinn hátt þar sem kraftmiklum tröllumyndum Brians Pilkington er varpað upp meðan á flutningi stendur. Við sögusteininn situr Egill Ólafsson og flytur ævintýrið í tali og tónum.

Jólatónleikar

Lau. 13. og sun. 14. des.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnrir

Hulda Björk Garðarsdóttir einsöngvari

Ungir einleikarar, kórar og nemendur úr

Listdansskóla Íslands

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi þar sem sigild jólalög og klassísk ballettónlist er í forgrunni.

Hetjur og valkyrjur

Lau. 14. feb.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Haldóra Geirharðsdóttir sögumaður og kynnrir

Viðfangsefni Litla tónsprotans í hetjum og valkyrjum er í senn spennandi og kraftmikið ferðalag um lendur hljómmikilla og gáskafullra tónverka sem eru mörgum að góðu kunn.

Dimmalimm og Svanavatnið

Lau. 25. apr.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Haldóra Geirharðsdóttir sögumaður og kynnrir

Nemendur úr Listdansskóla Íslands og

Gradualekór Langholtskirkju

Ævintýrið um Dimmalimm er meðal helstu gersema listamálarans Muggs. Hann málaði gullfallegar myndir með sögunni sem tónleikagestir njóta meðan á flutningi tónlistarinnar stendur. Á þessum ljúfu og fallegu tónleikum er Dimmalimm fylgt úr hlaði með völdum þáttum úr Svanavatninu.

www.sinfonia.is



MAXÍMÚS MÚSÍKÚS KÆTIST Í KÓR

Tónleikar í Eldborg 26. apríl 2014 kl. 14:00 & 16:00

Michael Praetorius
Georges Bizet

Viva la musica
Forleikur að Carmen
Söngur götubarnanna úr Carmen
Drengjakór Reykjavíkur og
drengrir úr Skólakór Kársness
og Kór Öldutúnsskóla

Örlygur Benediktsson

Vaskur og félagar
Hestavísur
Þóra Marteinsdóttir útsetti
Uno, dos y tres
Kór Öldutúnsskóla
Einsöngur Ásgerður Erla Kristinsdóttir,
Bergdís Brynjarsdóttir og Hafrún
Rúnarsdóttir

Þjóðlag frá Bandaríkjunum

Oh Shenandoah
Drengjakór Reykjavíkur
Hava nagila
Skólakór Kársness

Þjóðlag frá Ísrael

Sakura
Gradualekór Langholtskirkju

Þjóðlag frá Japan

Símama ka
Stúlknakór Reykjavíkur

Þjóðlag frá Tansaníu

Hej Igazitsad!
Lajos Bárdos útsetti
Unglingakór Selfoskirkju
Þrjú íslensk þjóðlög

Tryggvi M. Baldvinsson

Krummi svaf í klettagjá
Heylóarvísa
Litlu börnin leika sér

W. A. Mozart

Bona nox
Kvöldbæn úr Hans og Grétu
Einsöngur Benedikt Gylfason og
Una Ragnarsdóttir

Gabriel Fauré

Cantique de Jean Racine
Hildigunnur Rúnarsdóttir útsetti
Gradualekór Langholtskirkju
Stúlknakór Reykjavíkur
Kór Öldutúnsskóla

Stefan Nilsson

Þetta líf
Hildigunnur Rúnarsdóttir útsetti
Einsöngur Steinunn Þorvaldsdóttir,
Benedikt Gylfason og Una Ragnarsdóttir

Aðalstyrktaraðili:



Hallfríður Ólafsdóttir höfundur
Þórarinn Már Baldursson myndskreytir
Barna- og unglíngakór Íslands
Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Valur Freyr Einarsson sögumaður
Gerður Sjöfn Ólafsdóttir táknmálstúlkur
Lilja Hákonardóttir Maxímús



Flytjendur

Valur Freyr Einarsson er leikari. Hann hefur leikið mörg ólík hlutverk í ýmsum barnasýningum, meðal annars lítinn strák, gamlan karl, tröll, álf og peru og rakara sem leikur á klarínnett. Valur hefur lesið óteljandi sögur fyrir börnin sín fjögur.

Barna- og unglíngakór Íslands

Aðstoðarkórstjórar Edit Molnár og Þóra Björnsdóttir
Barna- og unglíngakór Íslands skipa:

Barnakór Selfoskirkju og Unglíngakór Selfoskirkju

Stjórnandi Edit Molnár

Drengjakór Reykjavíkur

Stjórnandi Friðrik S. Kristinsson

Gradualekór Langholtskirkju

Stjórnandi Jón Stefánsson

Graduale Futuri Langholtskirkju

Stjórnandi Rósa Jóhannesdóttir

Kórskóli Langholtskirkju

Stjórnandi Þóra Björnsdóttir

Kór Öldutúnsskóla

Stjórnandi Brynhildur Auðbjargardóttir

Skólakór Kársness

Stjórnandi Þórunn Björnsdóttir

Stúlknakór Reykjavíkur

Stjórnandi Margrét Pálmadóttir,
aðstoðarstjórnandi Guðrún Árný Guðmundsóttir

Vinsamlega hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru um það bil klukkustundar langir og án hlés.

Myndir í tónleikaskrá eru teiknaðar af Þórarini Má Baldurssyni.

Söngtexta og Maxakórónu er að finna á heimasíðu hljómsveitarinnar.

Eftir tónleikana árita Hallfríður, Þórarinn og Maxi nýju bókina um Maxa fyrir utan Eldborg á annarri hæð Hörpu.

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950. Í henni eru um 80 hljóðfæraleikarar sem allir hafa stundað langt nám í hljóðfæraleik bæði hér á landi og í tónlistarháskólum erlendis. Hljómsveitin heldur tónleika í höfuðborginni, á landsbyggðinni og í útlöndum en hefur aðsetur í Hörpu. Á hverju ári eru haldnir margir leikskólatónleikar, skólatónleikar og fjölskyldutónleikar. Kíktu á www.sinfonia.is/Maxi til þess að fræðast meira um Sinfóníuhljómsveitina og Maxímús Músíkús.

Bernharður Wilkinson er hljómsveitarstjóri. Þegar Benni var ungur drengur á Englandi söng hann í kór í frægustu kirkjunni í London, Westminster Abbey. Svo lærði hann flautuleik og var lengi flautuleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur kennt mörgum flautunemendum að spila, þar á meðal höfundi þessarar bókar.

Höfundarnir

Hallfríður Ólafsdóttir er leiðandi flautuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands og kennir flautuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík. Haffi hefur verið bókaormur frá því að hún man eftir sér, finnst sífónísk tónlist það flottasta í öllum heiminum en hefur líka gaman af því að leika á alls konar skrátnar og gamlar flautur.



Þórarinn Már Baldursson er víóluleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tóti hefur teiknað frá því að hann var lítill strákur í sveitinni en hefur einnig óbilandi áhuga á öllu því sem er þjóðlegt, meðal annars rímnakveðskap, enda er hann hagrýðingur sjálfur.

Tónlistin

Keðjusöngurinn **Viva la Musica!** eða **Lifi tónlistin!** er talinn vera eftir endurreisnartónskáldið **Michael Praetorius**. Glæðlegt lagið er gjarnan notað sem upphitun á kóræfingum en er svo skemmtilegt að það er erfitt að hætta að syngja það.

Carmen eftir Frakkann **Georges Bizet**, við texta Henri Meilhac og Ludovic Halévy, er eflaust frægasta ópera allra tíma með seiðandi og dillandi lögum sem lifa áfram með hlustandanum alla ævi. Lögin eru gjarnan flutt ein og sér og sífóníuhljómsveitir um allan heim hafa **Forleikinn að Carmen** oft á efnisskrá tónleika sinna. Eitt af allra skemmtilegustu atriðunum í óperunni er **Götubarnakórinn**, þegar börnin í þorpinu elta lúðrasveit, herma eftir hljóðfæraleiknum og syngja um að ganga teinrétt í takt.

Vaskur og **Hestavísur** eru hluti sönglagaflokksins **Sveitavísur** sem tónskáldið **Örlygur Benediktsson** samdi fyrir Barnakór Selfoskirkju og leikskólabörn í Árnessýslu í samstarfi við Tónlistarskóla Árneseinga, þar sem höfundurinn starfar við tónlistarkennslu. Textinn segir frá dýrunum og lífinu á íslenskum

Hljómsveit á tónleikum

1. FIÐLA
Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Jensdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Mark Reedman
Lin Wei
Ágústa María Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIÐLA
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Greta Guðnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Joanna Bauer
Kristján Matthiasson
Þórdís Stross

VÍÓLA
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovísa Fjeldsted

BASSI
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Þórir Jóhannsson

FLAUTA
Hallfríður Ólafsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ
Daði Kolbeinsson
Matthías Nardeau

KLARÍNETT
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson



FAGOTT
Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Rúnar Vilbergsson

HORN
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA
Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
Oddur Björnsson

TÚBA
Nimrod Ron

HARPA
Elísabet Waage

PÁKUR
Eggert Pálsson

SLAGVERK
Steef van Oosterhout
Árni Áskelsson



Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Una Eybórsdóttir mannaútsstjóri
Margrét Sigurðsson fjármálafultrúi
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi
Ilan Volkov, aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi

Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri, umsjón Litla tónprotans
Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Kristbjörg Clausen, nátna- og skjalavörður
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður
Grimur Grímsson sviðsstjóri
Sigríður J. Guðmundsson sviðsstjóri